

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 23. maí 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum Vesturgötu 48, 52 og Melteigi 5 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að húsið á lóðinni við Vesturgötu 52 fær að standa í stað þess að vera skráð til niðurrifs. Í húsinu mega vera tvær íbúðir, undir 80 m² á sitt hvorri hæðinni, heimilt verður að byggja anddyri við húsið. Eitt bílastæði er fyrir hvora íbúð. Hinum lóðunum er einungis breytt aftur í núverandi horf, og engin önnur áform sett fram um þær.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 19. júlí 2006.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.